



Fræðslunefnd FUNDUR – 7. október 2008

Fundur haldinn í fræðslunefnd Blönduósbæjar þriðjudaginn 7. október 2008 kl. 17:00 í Leikskólanum, Hólabraut 17, Blönduósi. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Skólaárið 2008-2009
2. Erindi frá Foreldrafélagi Barnabæjar
 - a) Börn í vistun frá kl. 8-14, hafi vöð á lengri vistunartíma tvo daga í viku eða til kl. 16.
 - b) Lengja opnunartíma leikskólans til kl. 17:00 eða 17:15. En viðvera barna sé aldrei lengri en átta tímar.
3. Skýrsla Lýðheilsustöðvar vegna könnunar á aðstöðu barna og unglinga
4. Kynningafundir vegna nýrra skólalaga
5. Heimildir til upplýsingaöflunar um starfsmenn við nýráðningar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008
6. Önnur mál

Zophonías Ari Lárusson, formaður setti fund og stjórnaði honum.

Afgreiðslur:

1. Jóhanna G. Jónasdóttir leikskólastjóri fór yfir skólaárið 2008-2009. Í leikskólanum eru 60 börn þar af 51 allan daginn, stelpur eru 29 og strákar 31. Nýir starfsmenn er: Edda Brynleifsdóttir leikskólakennari, Ásta María Bjarnadóttir leiðbeinandi, Arna Dögg Thorlacius leiðbeinandi og Auður Steinunn Guðmannsdóttir leiðbeinandi. Eru nú starfandi 7 leikskólakennarar við Barnabæ. Starfshlutfall starfsfólks er 17,25 í heild. Nýtt sveigjanlegra form á sumarlokun sumarsins 2008 kom mjög vel út að mati leikskólastjóra. Fyrir liggja umsóknir um skólavist og beinir fræðslunefnd því til bæjarstjórnar að bregðast við fjölgun barna með auknu fjármagni til leikskólans.
2. a) Erindinu er vísað til leikskólastjóra og hún metur hvert tilfelli eftir aðstæðum hverju sinni.
b) Formaður leggur fram svohljóðandi tillögu um erindið: „Af faglegum og fjárhagslegum ástæðum þurfi að liggja fyrir formleg umsókn sex barna um vistun til kl. 17:00 til þess að opnunartími leikskólans verði lengdur til þess tíma (hámarksdvalartími barns 8 klst.). Breytingin tæki ekki gildi nema um áramót eða að hausti, endanleg ákvörðun muni engu að síður liggja hjá Bæjarstjórn Blönduósbæjar þar sem þetta hefði í för með sér kostnaðarauka fyrir bæjarsjóð”. Tillagan er borinn upp og samþykkt með 2 atkvæðum, 2 sátu hjá.
3. Lagt fram til kynningar.
4. Gert er ráð fyrir almennum kynningarfundum á Blönduósi um nýju skólalögin þann 5. nóvember nk. Fundurinn verður nánar auglýstur síðar.
5. Lagt fram til kynningar.
6. a) Formaður tilkynnti að árshátíð Blönduóssbæjar verður haldin 25. október nk. og verður nánar auglýst síðar.
b) Árný Þóra Árnadóttir spyr hvort að einhver umræða hafi farið fram innan meirihlutans um gjaldfrjálsan leikskóla. Formaður svarar því til að hann viti ekki til þess að slík umræða hafi farið fram.



Fundargerð upplesin og fundi slitið kl. 18:45

Zoph.Ari Lárusson

Sunna Gestsdóttir

Auðunn Steinn Sigurðsson

Árný Þóra Árnadóttir

Jóhanna G. Jónasdóttir

Harpa Hermannsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskólans

Þórdís Erla Björnsdóttir, fulltrúi foreldra leikskólans